

<p>Stafsetning og skrift: Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifi stóran staf í upphafi nafna. • Hafi bil á milli orða. • Læri að draga rétt til stafs • Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd 	<p>Málfræði: Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð. • Fleirtala/eintala • Andheiti/samheiti • Þekki stafrófið • Efli orðaforða og orðaskilning
<p>Ritun: Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekki skriftaráttina • Skrifi orð eða setningu • Þjálfist í að hafa bil á milli orða • Fáí fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi. 	<p>Talað mál, hlustun og áhorf Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt. • Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi • Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
<p>Lestur : Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.</p>	
<p><u>Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 3x þar til kennari gefur grænt ljós á annað</u></p>	
<p>Viðmið í 1. bekk: Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekki alla bókstafi og hljóð • beiti aðferðum við umskráningu hljóða • efli hljóðvitund sína • viðmið að vori eru 20 – 75 á mín. að vori 	
<p>Námsmat: Reglubundið námsmat og einstaklingsbundin skráning á námsframvindu er mjög mikilvæg. Námsmat fer ekki einungis fram í lok annar heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Þær matsaðferðir sem notaðar eru endurspeglar áherslur í kennslu og meta alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni. Símat, kannanir, og sjálfsmat eru dæmi um matsaðferðir. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa foreldrum innsýn í stöðu og vinnu nemandans. Niðurstöðurnar birtast í formi umsagnar og einkunna.</p>	
<p>Kennsluefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur og vinnubækur, gagnvirkt efni. 	

Íslenska á vorönn– 1.bekkur		
Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
23.feb – 27. feb.	Bókstafirnir Gg og Bb 100 algengustu orðin Skrifa setningar Andheiti/samheiti	
1.-5. mars	Bókstafirnir Ðð - Öö Greinamerki Andheiti/samheiti	Rithönd
8.-12. mars	Bókstafirnir Yy og Ýy Ritun 100 algengustu orðin Hugtök – sögupersóna, söguvið, söguþráður	
15.-19. mars	Bókstafirnir Þþ og Pp Ritun – uppbygging sögu Fleirtala/eintala	
22. -26. mars	Bókstafirnir Kk og Dd Ritun - sögugerð Fleirtala/eintala	
29.mars.-5. apríl	Páskafri	Páskafri 28. pálmásunnudagur 7. apríl Páskar
6.-9. apríl	Bókstafirnir Au – Ey – Ei Ritun - sögugerð Lesskilningur	Rithönd
12.-16. apríl	Ritun Rím Hugtök bókmennta Ljóð Fleirtala – eintala	
19.- 21.apríl	Ályktað úr frá texta Hugtök bókmennta Ritun	22.sumardagurinn fyrsti 23.annar leyfi
26.- 30. apríl	Hugtök bókmennta Framsögn Ljóð Kyn orða	Lestrarpróf
3. -7. maí	Ritun Hugtök bókmennta Framsögn Ljóð Kyn orða	Lestrarpróf Rithönd
10.-14. maí	Ritun Framsögn Fleirtala – eintala Kyn orða	
17.-21. maí	Frágangur og uppbrot Leikir	21.maí- Skólaslit
Sumarfrí		

Námsmarkmið og kennsluáætlun í íslensku 1. Bekkur